

Fjárlaganefnd Alþingis

Reykjavík, 06.03.2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur, þingskjal 241 - 167. mál.

Neyðarlínunni ohf. hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp, sem hefur það megin efni að breyta ákvæðum ýmissa laga um markaða tekjustofna til samræmis við þá stefnumörkun sem felst í lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 að tekjur sem ríkið og stofnanir þess innheimta greiðist í ríkissjóð og sé ráðstafað þaðan með ákvörðunum fjárveitingarvalds eða skuldbindandi samningum á grundvelli fjárheimilda.

Breytingar frumvarpsins snerta starfsemi Neyðarlínunnar með tvennum hætti:

Jöfnunargjald alþjónustu, skv. lögum um fjarskipti nr. 81/2003; gr. 28-29.

Í köflum XXV og XXVI er fjallað um breytingar á jöfnunarsjóði alþjónustu og þar mælt fyrir um að svonefnt jöfnunargjald alþjónustu verði innheimt í ríkissjóð. Ráðherra verði á móti skuldbundinn til þess, á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum að ákveða fjárveitingu jöfnunarsjóðsins sem svarar a.m.k. áætluðum tekjum af gjaldinu.

Neyðarlínan rekur samræmda neyðarsímsvörun í númerinu 112 sem er þjónusta sem veitt er í samræmi við ákvæði laga nr. 40 frá 2008. Hefur verið litið svo á, að svarþjónusta 112 létti álagi af móttöku slíkar símtala hjá veitendum fjarskiptaþjónustu og því eðlilegt að sá hluti kostnaðar af rekstri þjónustu 112, sé borinn af fjarskiptafélögum skv. hlutdeild þeirra í markaði fyrir símaþjónustu. Þessi kostnaður hefur verið metinn svara til 22% af heildarrekstrarkostnaði við 112 þjónustuna og hefur Neyðarlínan sótt um og fengið framlög úr alþjónustusjóði í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar sem því nemur. Þetta kostnaðarhlutfall svarar á árinu 2018 til kr. 69.362.508.

Sú breyting sem frumvarpið boðar hvað varðar innheimtu á tekjum í alþjónustusjóð sýnist ekki muni hafa áhrif á getu sjóðsins til að standa straum af framangreindri kostnaðarhlutdeild af rekstri 112 þjónustunnar. Neyðarlínan hefur því engar athugasemdir við frumvarpið hvað þennan þátt varðar, en treystir því hins vegar að ríkisvaldið tryggi fjárframlög til að kosta rekstur 112 þjónustunnar, komi til þess að jöfnunarsjóðurinn fái af einhverjum ástæðum ekki staðið undir þeirri kostnaðarhlutdeild sem hann hefur borið frá síðustu aldamótum.

Þjónustugjald til Vaktstöðvar siglinga, sbr. lög nr. 41/2003; grein 42.

Í kafla XXXIV er fjallað um breytingar á lögum um vaktstöð siglinga varðandi kostnað við rekstur sjálfvirku tilkynningarskyldunnar, en þar er mælt fyrir um að árlegt þjónustugjald sem eigandi skips greiðir skv. 3. mgr. 5. gr. laganna skuli renna í ríkissjóð.

Neyðarlínan hefur síðustu 14 árin annast rekstur sjálfvirku tilkynningarskyldunnar, fyrst skv. samningi við Siglingastofnun og síðar Vegagerðina og m.a. hagnýtt sér samstarf við Landhelgisgæsluna við framkvæmd einstakra þjónustupáttanna skv. samningum.

Neyðarlínan hefur lengst af innheimt sjálf framangreint þjónustugjald, en fjögur síðustu árin hefur Fjársýsla ríkisins annast innheimtuna í þágu Neyðarlínunnar. Áætlaðar tekjur af þjónustugjaldinu árið 2018 eru um 18 mkr. Í samningi Vegagerðarinnar og Neyðarlínunnar um rekstur sjálfvirku tilkynningarskyldunnar er tekið tillit til tekna af þjónustugjaldinu, sem koma þannig í reynd til lækkunar á umsömdu þjónustugjaldi úr hendi Vegagerðarinnar. Af því leiðir, að samhliða samþykkt umræddrar breytingar þarf að gera ráðstafanir til þess að greiðsluákvæðum í fyrirtöldum samningi Neyðarlínunnar og Vegagerðarinnar veði breytt tilsvarendi á við tekjuáhrif þess að Neyðarlínan fái ekki áfram notið þjónustugjaldsins. Þá verði jafnframt að tryggja að framlag til Vegagerðarinnar verði hækkað að sama skapi vegna umræddrar breytingar á meðferð umræddra þjónustutekna en framlagsins er getið í fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga í lista yfir skuldbindandi samninga gr. 11.10 „Samningur um Vaktstöð siglinga“.

Neyðarlínan treystir því að tekið verði fullt tillit til ofantalinna ábendinga og að háttvirt fjárlaganefnd gerir ráðstafanir til þess að fjárhagslegar forsendur fyrir þjónustu Neyðarlínunnar skerðist ekki við þá kerfisbreytingu sem frumvarpið stefnir að.

Virðingarfyllt fyrir hönd Neyðarlínu ohf.,



Magnús Hauksson
Rekstrarstjóri